



## Fundur í hafnarnefnd

**7. fundur hafnarnefndar haldinn að Fjarðarvegi 3 Þórshöfn mánudaginn 27. janúar 2020. Fundur var settur kl. 16:00.**

**Mætt voru:** Halldór Rúnar Stefánsson, Árni Bragi Njálsson, Jónas Jóhannsson og Jónas Egilsson starfandi sveitar- og hafnarstjóri sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og spurði hvort einhverjar athugasemdir væru við fundarboð. Svo var ekki.

### Fundargerð

#### 1. Tjón á hafnarmannvirkjum, staða mála

Jón Rúnar Jónsson, forstöðumaður Þjónustumiðstöðvar Langanesbyggðar mætti á fundinn. Lögð voru fram gögn frá Elíasi Péturssyni vegna fundar hans með Vegagerðinni 19. desember sl. Höfnin er komin í nothæft ástand til bráðabirgða. Beðið er eftir áætlunum Vegagerðarinnar á lagfæringum á innsiglingunni.

**Bókun um afgreiðslu:** Samþykkt að óska eftir dýptarmælingu á innsiglingunni á Bakkafjarðarhöfn, þar sem ljóst er að hún er ekki eins djúp og hún á að vera. Nefndin leggur áherslu á að farið verði í viðgerðir á hafnarmannvirkjum sem fyrst. Nauðsynlegt er hafnargarðurinn verði lagaður áður en hægt verður að hefja eðlilega hafnarstarfsemi að nýju og ganga frá varanlegum rafmagnstengingum, staðsetja vigtarskúr og koma öðrum búnaði fyrir að nýju. Hafnarstjóra falið að fylgja eftir dýpkun á Þórshöfn og að vinna hefjist sem fyrst og ganga eftir öðrum upplýsingum. Samþykkt samhljóða.

#### 2. Fundargerð 19. fundar Siglingaráðs

Liður 2. Hafnarvogir

**Bókun um afgreiðslu:** Samþykkt að fela hafnarstjóra að kanna möguleika á styrkveitingum til kaupa á hafnarvogum.

Samþykkt samhljóða.

Fundargerðin lögð fram.

#### 3. Áskorun um að endurskoða ákvæði hafnarlaga vegna fiskeldis

Áskorun frá Vesturbyggð erindi frá Vesturbyggð, dags. 16. okt. 2019. um að skoða ákvæði hafnarlaga vegna fiskeldi lögð fram.

#### 4. Leiðbeinandi reglur frá Umhverfisstofnun um meðferð dýpkunarefnis,

Yfirlit frá Umhverfisstofnun útg. 2.2., dags. október 2019, lagt fram til kynningar.

#### 5. Tillaga til þingsályktunar um gerð stefnu um móttöku skemmtiferðarskipa á Íslandi

Tillaga til þingsályktunar um gerð stefnu um móttöku skemmtiferðarskipa á Íslandi lögð fram.



**Bókun um afgreiðslu:** Samþykkt að vísa til bókunar 4. dagskrárlið í 65. fundargerð sveitarstjórnar frá 8. júní 2017.

Samþykkt samhljóða.

## 6. Erindi frá Umhverfisstofnun, dags. 14. janúar 2020, um varnir gegn olíumengun á landi

Erindi frá Umhverfisstofnun, dags. 14. janúar 2020, um varnir gegn olíumengun á landi. Skv. erindinu er stofnuninni skylt að fylgjast með ástandi olíugeyma.

**Bókun um afgreiðslu:** Vísað til forstöðumanns Þjónustumiðstöðvar til meðferðar.

Samþykkt samhljóða.

## 7. Innsent erindi frá Ísfélagi Vestmannaeyja, dags. 13. desember 2019

Erindið lagt fram, en það var einnig rætt undir 1. dagskrárlið fundarins.

**Bókun um afgreiðslu:** Hafnarnefnd mælist til þess við Vegagerðina að dýpkunarframkvæmdum við höfnina á Þórshöfn hraðað og helst lokið fyrir upphaf sumarvertíðar vegna mikilvægi hennar fyrir atvinnulíf byggðarlagsins.

Samþykkt samhljóða.

## 8. Önnur mál

a) Tilboð í landgang við Bakkafjarðarhöfn.

**Bókun um afgreiðslu:** Hafnarnefnd mælir með að tilboði Bíla og véla ehf. í landgang við Bakkafjarðarhöfn verði tekið.

Samþykkt samhljóða.

b) Tilboð um viðlegu- og olúbryggju á Bakkafirði frá Króla ehf.

**Bókun um afgreiðslu:** Hafnarnefnd samþykkir að óska eftir upplýsingum um hlutdeild ríkisins í flotbryggjum fyrir næsta fund nefndarinnar.

Samþykkt samhljóða.

Fundargerðin upplesin og samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:25.